DV

# Miðvikudagur 12. apríl



## SJÓNVARPIÐ

16.30 **Fræðsluvarp.** 1. Hawaii – Glötuð paradís (19 mín). Svipmyndir frá eyjunum og hið fjölbreytta mannlíf þar. Einnig er lögð áhersla á jarðsögu eyjanna og vikið að hinni miklu eldvirkni þar. 2. Umræðan – Háskóladeildir (25 mín). Stjórnandi Bjarni Árnason. 3. Alles Gute 19. þáttur (15 mín.). Þýskukennsla fyrir byrjendur.
18.00 **Töfragluggi Bomma.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur með Tony Danza, Judith Light og Katharine Helmond í aðalhlutverkum. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Epli, snákar og annað ...** Sverrir Stormsker leikur nokkur lög af plötu sinni Nótnaborðhald. Stjórn upptöku Björn Emilsson.
21.05 **Lastaðu ei laxinn.** – Um lifnaðarhætti rauðlaxins. (Miracle of the Scarlet Salmon). Bresk fræðslumynd um Kyrrahafslaxinn og lifnaðarhætti hans. Þýðandi og þulur Ingi Karl Jóhannesson.
21.50 **Draugasaga.** Sjónvarpskvikmynd eftir Odd Björnsson og Viðar Víkingsson sem einnig leikstýrir. Aðalhlutverk Sigurjóna Sverrisdóttir, Kristján Franklín Magnús, Rúrik Haraldsson, Þorsteinn Hannesson, Guðmundur Ólafsson og Kristbjörg Kjeld. Dularfullir atburðir eiga sér stað innan veggja sjónvarpshússins við Laugaveg í Reykjavík. Myndin var áður á dagskrá 17. mars 1985.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Flóttinn frá apaplánetunni.** Escape from the Planet of the Apes. Aðalpersónurnar eru þrír mannlegir apar sem ferðast hafa mörg hundruð ár aftur í tímann til að sleppa undan gereyðingu heimkynna sinna úti í geimnum. Aðalhlutverk: Roddy McDowall, Kim Hunter og Bradford Dillman. Leikstjóri: Don Taylor. Framleiðandi: Arthur P. Jacobs. Þýðandi: Úlfar Sigmarsson. Sýningartími 95 mín.
18.05 **Topp 40.** Evrópski listinn. Music Box.
19.19 **19:19.** Fréttir, veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun. Allt í einum pakka.
20.30 **Skýjum ofar.** Reaching for the Skies. Mjög athyglisverður myndaflokkur í tólf þáttum um flugið. 8. þáttur.
21.35 **Sekur eða saklaus?** Fatal Vision. Sannsöguleg framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Aðalhlutverk: Gary Cole, Eva Marie Saint, Karl Malden, Barry Newman og Andy Griffith. Leikstjóri: David Greene. Framleiðendur: Daniel Wigutow og Mike Rosenfeld. Alls ekki við hæfi barna. Seinni hluti verður á dagskrá á morgun.
23.05 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
23.25 **Ógnþrungin útilega** Terror on the Beach. Fjölskylda ákveður að eyða nokkrum dögum saman við ströndina til að bæta samskiptin. En fljótlega fara að gerast óhugnanlegir atburðir. Aðalhlutverk: Dennis Weaver, Estelle Parsons og Susan Dey. Leikstjóri: Paul Wendkos. Framleiðandi: Alan Jay Factor. Þýðandi: Sigríður Magnúsdóttir. Sýningartími 75 mín. Alls ekki við hæfi barna. Lokasýning.
00.45 **Dagskrárlok.**


HJÓLBARÐAR
þurfa að vera með góðu mynstri allt árið. Slitnir hjólbarðar hafa mun minna veggrip og geta verið hættulegir – ekki síst í hálku og bleytu.
DRÖGUM ÚR HRAÐA!
UMFERÐAR RÁÐ

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Einar Sigurbjörnsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Blástakkur" eftir Sigurbjörn Sveinsson. Bryndís Baldursdóttir les. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Reyklaus dagur. Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Riddarinn og drekinn" eftir John Gardner. Þorsteinn Antonsson þýddi. Viðar Eggertsson les (8.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Norrænir tónar.**
14.35 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Hanna Bjarnadóttir, Magnús Jónsson, Kvennakórinn „Gígjan" á Akureyri, Ólafur Þ. Jónsson og Margrét Eggertsdóttir syngja. (Hljóðritanir Útvarpsins.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Byggðasöguritun.** Jón Gunnar Grjetarsson segir frá ólíkum sjónarhornum sagnfræðinga og leikmanna til viðfangsefnisins. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** „Járnmaðurinn", fimm daga saga eftir Ted Hughes. Jóhann Sigurðarson les þýðingu Margrétar Oddsdóttur (3.) Sagan er flutt með leikhljóðum.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Ravel og Dvorak. – „Rapsodie espagnole" eftir Maurice Ravel. Sinfóníuhljómsveit Lundúna leikur; Leopold Stokowsky stjórnar. - Konsert fyrir píanó og hljómsveit í g-moll eftir Antonin Dvorak. Svjatoslav Richter leikur með Sinfóníuhljómsveitinni í München; Carlos Kleiber stjórnar. (Af hljómplötu og -diski.)
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Guðrún Eyjólfsdóttir. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Blástakkur" eftir Sigurbjörn Sveinsson. Bryndís Baldursdóttir les. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir verk samtímatónskálda.
21.00 **Smásögur.** - „Saga hins geggjaða" eftir Woody Allen. Níels Hermannsson þýðir og les. - „Eplið" eftir Marie Louise Fleisser. Þýðing: María Kristjánsdóttir. Guðrún S. Gísladóttir les.
21.30 **Framhaldsskólafrumskógurinn.** Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn".)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Heilbrigt líf,** hagur allra. Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur.** - Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. - Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og rætt við sjómann vikunnar.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91–38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttafréttamenn og Georg Magnússon.
22.07 **Á rólinu.** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Að loknum fréttum kl 2.00 verður endurtekinn frá þriðjudegi þátturinn „Bláar nótur" þar sem Pétur Grétarson leikur djass og blús. Að loknum fréttum kl. 4.00 flutt brot úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.** Umsjón Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.**
14.00 **Gunnlaugur Helgason.**
19.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.**
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Axel Axelsson** er ykkar maður á miðvikudagskvöldum. Góð tónlist í fyrirrúmi.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur endasprettinn. Góð tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Kvennalistinn.** Þingflokkur Kvennalistans. E.
16.00 **Samband sérskóla. E.**
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í Miðnesheiðni.** Samtök herstöðvaandstæðinga E.
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
19.30 **Heima og að heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón Arna.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Alþýðubandalagið.**
23.00 **Samtök græningja.** E.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt. Meðal efnis. Kl. 2.00 Hausaskak. Þungarokksþáttur E.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

12.00 **FB.**
14.00 **FG.**
16.00 **MR.**
18.00 **MS.**
20.00 **IR.**
22.00 **FB.**
24.00 **MR.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

17.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Alfons Hannesson.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögunum o.fl.



**Það gerast heldur betur óvæntir atburðir þegar fjölskyldan fer í útilegu.**

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Ógnþrungin útilega

### – fjögurra manna fjölskylda í útilegu

Ógnþrungin útilega er spennumynd sem segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem afræður að taka sér nokkurra daga leyfi við ströndina til að betrumbæta samskiptin sem eru í hálfgerðum lamasessi. Þar verður fjölskyldan áþreifanlega vör við ágang af hálfu ungmenna sem eyðileggja, stela og hræða en gera aldrei beinlínis atlögu að þeim.

Þessi rumpulýður fær svalað árásargirni sinni með því að ofsækja þessa umkomulausu fjölskyldu sem á allt sitt undir samstöðunni og gagnkvæmu trausti.

Leikstjóri myndarinnar er Paul Wendkos en með helstu hlutverk fara Dennis Weaver, Estelle Parsons og Susan Day.

### Rás 1 kl. 13.05:

# Í dagsins önn

### – reyklaus dagur

Vafalaust hafa margir hætt að reykja á reyklausa deginum, 7 apríl, í fyrra og nú er komið að öðru tækifæri fyrir þá sem ekki hættu síðast. Reyklausi dagurinn að þessu sinni er 12. apríl. Margar aðferðir eru notaðar til að hætta og ein þeirra er að mynda stuðningshóp, jafnvel með námskeiði. Slíkt gerðu nokkrir starfsmenn Iðntæknistofnunar fyrr á árinu og í þættinum í Dagsins önn í dag verður spjallað við þá um þetta átak. Ennfremur verður sagt frá skipulagi námskeiða sem Krabbameinsfélagið býður upp á fyrir þá sem vilja hætta að reykja og rætt um tóbaksvarnarátakið sem nú hefur staðið yfir í nokkur ár.

Umsjónarmaður þáttarins er Jón Gunnar Grjetarsson.



**Einn þáttur þess að stunda heilbrigt líf er að stunda íþróttir í einhverri mynd.**

### Rás 1 kl. 22.30:

# Heilbrigt líf

### – hagur allra

Öll erum við mismunandi og það sem er óhollt fyrir einn þarf ekki að vera óhollt fyrir annan. Sem dæmi um þetta má nefna ýmiss konar lífsháttu. Afleiðingar óhollra lífshátta koma reyndar ekki í ljós fyrr en eftir langan tíma og það er líkast til þess vegna sem við tökum flest áhættu með heilsu okkar. Það er nefnilega erfitt að hafa langtímamarkmið þegar dagurinn í dag kallar. Í þætti, sem ber nafnið Heilbrigt líf – hagur allra og er á dagsrká rásar 1 í kvöld, verður sjónum beint að fjölþjóðlegu forvarnarverkefni á sviði heilsuverndar sem Íslendingar eru þátttakendur í. Umsjón með þættinum hefur Guðrún Eyjólfsdóttir.